



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 603

Janus Halldórsson

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 603

Janus Halldórsson

framreiðslumaður – yfirþjónn
(1909-1977)

Formáli

Janus Halldórsson var fæddur 10. júní 1909 og lést 30. október 1977. Eiginkona hans var Karen Antonsen, fædd 13. apríl og látin 10. febrúar 1989. og þau eignuðust 4 börn, Viðar, Gerði, Sjöfn og Brynju.

Janus hóf framreiðslustörf á 1. farrými á Esju 1928, þá vann hann að Hótel Borg frá 1930 í tvö ár. Þaðan fór hann á Hótel Ísland og vann þar í 10 ár, síðan aftur á Hótel Borg og vann þar í 14 ár, Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll (Sigtún) í 8 ár. Þá starfaði hann á Gullfossi á sumrin þegar minnst var að gera í Sjálfstæðishúsinu. Hann sat í Sjómannadagsráði í 17 ár og var formaður prófnefndar framreiðslu í Reykjavík. Hann starfaði ötullega að félagsmálum og varð formaður Matsveina- og Félagi framreiðslumanna 1937 á 10 ára afmæli félagsins. Hann hlaut 5 heiðursmerki frá Þjóðhöfðingjum Norðurlanda og forseta Íslands. Janus um hátíðarveislur á Bessastöðum og víðar hjá hinu opinbera, einnig ýmsar einkaveislur og samkvæmi.

Afhending: Gerður Janusdóttir í september 2016.

Innihald: Fæðingarvottorð, orðubréf, heiðursskjöl, menu - matseðlar, sætaskipan, ljósmyndir o.fl.

Tími: 1933-1977

Magn: 1 askja

Sjá einni skjalasafn E-135, MATVÍS - Félag framleiðslumanna.

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Fæðingarvottorð, Janus Halldórsson fæddur 10. júní 1909, skírður 24. október sama ár, skjal frá 14. júlí 1948.

Hjónavígslubréf, Janus Halldórsson og Karen Antonsen, Suðurpól, Reykjavík, útg. 2. júní 1933.

Forsetabréf, Janus Halldórsson, yfirframleiðslumaður, sæmdur heiðurspeningi 10. apríl 1956.

Konungur Danmerkur útdeilir 10. maí 1956, Janusi Halldórssyni *den kongelige belønningsmedaille af 1. klasse med krone*, einnig bréf Utanríkisráðuneytisins varðandi heiðurspening Danakonungs frá 25. júní 1956.

Forseti Finnlands sæmir Janus Halldórssoni *Finlands vita Ros' orden*, 30 júlí 1957, einnig orðuskjal skrifstofu foseða Íslands varðandi Finniska heiðursmerkið.

Kong Olav V útnefnið Herr Janus Halldórsson sin *Eriningsmedalje i Gull* 23. maí 1961.

Meðmælabréf 29. ágúst 1949.

Heiðursskjal. *Félag framleiðslumanna hefur kjörið þig heiðursfélaga sinn í tilefni af 40 ára afmæli félagsins 12. febrúar 1967.*

Minningagreinar: Janus Halldórsson sextugur og minningagrein 30. október 1977.

Örk 2

Bréf o.fl. varðandi nefnadarskipanir: Formaður skólanefndar í Matsveina- og veitingaþjónaskólans, skipun prófnefndarmanns, varðandi Frímúrararegluna. Yfirlit yfir störf, minnispointar, ræða, kort o.fl.

Örk 3

Sjómannablaðið Víkingur 6. tbl.1969. Janus Halldórsson sextugur, afmælisgrein.

Sjómannadagsblaðið 1976, Janus Halldórsson heiðraður.

Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, Félagstíðindi: 1933 1. árg. 5. tbl.

1936: 3. árg. 1.- 6. tbl.

1948: 5. árg. 1. og 4.-6. tbl.

1949: 6. árg. 3. - 4. tbl.

Myndahefti með myndum frá Hrafnistu í tilefni af 5. ára starfrækslu Dvalarheimilis aldraðra sjómanna 1959.

Nordisk læringerad for hoteller og restauranter. Konference i Reykjavik 23.-25. august 1964.

Sjálfstæðishúsið. Gullöldin okkar. Tveir kálfskinnsneplar úr handritum veraldarsögunnar. Guðmundur Sigurðsson og Haraldur Á. Sigurðsson bjuggu til flutnings.

Örk 4

Menu – matseðlar og vínlistar, innlendir og erlendir við ýmis tækifæri t. d. Konungskomur, heimsóknir forseta. Hádegis- og kvöldverðir, tónleikar, samkomur o.fl.:

Hádegis- og kvöldverðir haldnir til heiðurs Dönsku konungshjónunum 13.-15. ágúst 1956 og 1958, sætaskipan og menu.

Hádegis- og kvöldverðir haldnir til heiðurs forseta Finnlands og forsetafrú 10.-12. apríl 1957, sætaskipan, menu, tónleika- og leikskrá.

Hádegis- og kvöldverðir haldnir til heiðurs Konungi og drottningu Svíþjóðar 30. júní-1. júlí 1957, sætaskipan, menu, tónleikaskrá og Guðsþjónusta í Bessastaðakirkju.

Hádegis- og kvöldverðir haldnir til heiðurs Konungi Noregs 31. maí -1. júní 1961, sætaskipan , menu og tónleikaskrá.

Ýmsir matseðlar – menu og vínlistar: Sveinspróf í Matreiðslu- og framreiðslu, prófverkefni 1960.

Árshátíð Félags framreiðslumanna: að Hótel Borg 9. mars 1966, að Hótel Borg 13. mars 1968 og að Hótel Sögu 18. mars 1970 ásamt dagskrá skemmtiatriða.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík 100 ára, 3. febrúar 1967, menu á viðarspjaldi og dagskrá, móttaka o.fl.

Fundur skólanefnda norrænna Matsveina- og veitingaþjóna, haldinn að Hótel Sögu 24. ágúst og að Hótel Borg 25. ágúst 1964, einnig hádegisverður í Nausti og hádegisverðarboð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 25. ágúst 1964.

Norrænt hótelskólamót. Kvöldverður að Hótel Valhöll, Þingvöllum 26. ágúst 1964.

Árshóf FÍL 1968, dagskrá.

Boðskort á 50. ára afmæli Félags framleiðslumanna og Félags matreiðslumanna 2. mars 1977 o.fl.

Árshátíðarfundur St. JOH. Matseðill og dagskrá, ódags.

Restaurant Höll, matseðill 22. apríl 1945.

Hotel D'Angleterre, København: Emil Bjarnason, 20. ágúst 1953, menu.

Bar Angleterre, København, vín og matseðill, ódags.

Bellevue Strandhotel: Vín og matseðlar 15. maí, 29. maí, 2. júní og 8.-9. júní 1953.
Hovedbanegaardens Restaurant, vínlisti, ódags.
Frímúrarareglan, systrakvöld: Menu á skinni, ódagsettur.
Hótel Holt – Leikhúskjallarinn, vínlisti, ódagsettur.
Naustið, menu - matseðill og vínlisti, ódagsettur.

Örk 5

Ljósmyndir:

Janus Halldórsson m.a. með orður og ásamt samstarfsmönnum, framreiðslumönnum o.fl.
Frá framreiðslu í veislum. Ljósmyndir frá veislum og samkomum, matargerð og drykkjarblöndun.
Ýmsar hópmyndir. Ljósmyndir af Gullfossi og um borð í skipinu, á Bessastöðum og víðar varðandi veislur, samkomur o.fl.

Skráð í október 2016,
Guðjón Indriðason.